

Breyting á gjaldskrá Landsnets Tengigjald við upphaf samningaviðræðna

Viðbrögð Landsnets við umsögnum í tengslum
við fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá Landsnets
vegna tengigjalds við upphaf samningaviðræðna

Janúar
2025

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR OG FLOKKUN ATHUGASEMDA	2
1.1	Inngangur	2
1.2	Fjöldi umsagna	3
1.3	Flokkun athugasemda	3
2.	UMSAGNIR Í TENGLUM VIÐ FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á 4. GR. GJALDSKRÁR LANDSNETS - TENGIGJALD	3
2.1	Almennt	3
2.1.1	Sjónarmið sem varða lögmæti	3
2.1.2	Upphæð gjalds	4
2.1.3	Orðalag og hugtakanotkun	6
2.1.4	Skuldbinding Landsnets gagnvart viðsemjanda	6
3.	VIÐAUKI: UMSAGNIR	7

1. Inngangur og flokkun athugasemda**1.1 Inngangur**

Unnið hefur verið að endurskoðun og uppfærslu á 4. gr. gjaldskrár Landsnets. Er um að ræða þróun á gjaldskrá í tengslum við gjald sem innheimt verður af viðskiptavinum, sem vilja tengjast flutningskerfinu, strax við upphaf samningaviðræðna og áður en tengisamningur er gerður. Er gjaldinu ætlað að minnka áhættu Landsnets sökum aukins fjölda tengifyrirspruna og þannig standa straum af auknum kostnaði vegna verkefna sem komin eru skammt á veg.

Markmiðið með breyttu fyrirkomulagi á gjalddöku er að tryggja skilvirkni við tengingu á flutningskerfinu, halda Landsneti og öðrum viðskiptavinum skaðlausum vegna kostnaðar sem felst í vinnu við undirbúning á nýrri tengingu. Einnig er markmiðið að auka gagnsæi, jafnræði og sanngirni með því að byggja upp gjaldskrá sem endurspeglar raunkostnað Landsnets vegna nýrra tenginga. Áætlað var að gjaldið færi inn í nýja gjaldskrá sem tók gildi hinn 1. janúar 2025.

Drög að nýrri gjaldskrá voru kynnt viðskiptavinum Landsnets hinn 13. júní 2024 og gafst þeim færi á að koma með umsögn sína á tímabilinu 14. júní – 14. ágúst 2024. Alls bárust tvær umsagnir.

Eftir að umsagnaferlinu lauk samþykkti Raforkueftirlitið nýjan skilmála Landsnets, þ.e.a.s. skilmála D4 Tenging vinnsluaðila við flutningskerfi Landsnets, sem tók gildi hinn 20. september 2024. Í skilmála D4 er fjallað um ferli og verklag sem gildir frá þeim tímapunkti þegar vinnsluaðili óskar eftir tengingu vinnslueiningar við flutningskerfi raforku og þar til

tenging hefur átt sér stað. Skilmálinn gildir bæði um nýjar tengingar og þegar fyrirbyggjandi tengingum er breytt. Jafnframt er kveðið á um viðmið sem ber að leggja til grundvallar í tilvikum þar sem beita þarf undantekningarákveði raforkulaga, sbr. 1. tl. 3. mgr. 9. gr. laganna.

Einnig upplýsir Landsnet um að tekin hefur verið sú ákvörðun að hætta við þetta fyrirkomulag um greiðslu tengigjalds samkvæmt gjaldskrá, sem kynnt var fyrir viðskiptavinum þann 13. júní 2024. Landsnet þakkar umsagnaraðilum fyrir að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Það að Landsnet hætti við þessa útfærslu á tengigjaldi í gjaldskrá hefur ekki áhrif þegar kemur að skyldu Landsnets til þess að fara fram á greiðsluábyrgðir vegna nýrra eða breyttra tenginga við flutningskerfið, þ.m.t. við undirbúning slíkra framkvæmda. Nýtt fyrirkomulag felur í sér að strax við upphaf samningaviðræðna, og fyrir gerð tengisamnings, er gerður sérstakur samningur um greiðslu kostnaðar og greiðslutryggingu vegna undirbúnings tengingar við flutningskerfi raforku. Í þeim samningi eru verkþættir skilgreindir, fjárhæð kostnaðar, fyrirkomulag ábyrgða ásamt gildistíma. Verði síðar af tengingu verður gerður sérstakur tengisamningur sem kveður m.a. á um útreikning á kerfisframlagi o.fl.

Nánari útskýringar um ferli tenginga við flutningskerfið má finna í leiðbeiningum Landsnets um tengingu vinnsluaðila við flutningskerfið.

1.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	Landsvirkjun
02	Orka náttúrunnar

1.3 Flokkun athugasemda

Athugasemdir í umsögnum hafa verið flokkaðar eftir efni þeirra og er skipt niður eins og sést hér að neðan. Allar athugasemdir flokkast sem almennar athugasemdir.

- Sjónarmið sem varða lögmæti
- Upphæð gjalds
- Skuldbinding Landsnets gagnvart viðsemjanda
- Orðalag og hugtakanotkun

Í kafla 2 er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi. Fyrir neðan eru svo viðbrögð Landsnets við athugasemdinni.

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [01]

Viðbrögð Landsnets: [•]

2. Umsagnir í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á 4. gr. gjaldskrár Landsnets - tengigjald

2.1 Almenn

2.1.1 Sjónarmið sem varða lögmæti

Með fyrirhuguðum tillögum að gjalddöku er vikið frá fyrri framkvæmd og búið til nýtt gjald. Til þess að slík gjalddaga geti komið til þarf að vera fyrir hendi skýr lagastoð og gjalddagan þarf jafnframt að samræmast vilja löggjafans. Landsvirkjun telur að vafi leiki á um hvort gildandi regluverk heimili hina nýju gjalddöku á því formi sem hún er sett fram. Til þess að

tryggja að skýr lagastoð sé fyrir hendi, telur fyrirtækið mikilvægt að stjórnvöld fjalli um málið til þess að koma í veg fyrir óvissu í þessum eignum. Áform þessi fela í sér að verið er að bregða út af hefð sem hefur skapast um áratugaskeið og ekki er útilokað að slíkt gjald myndi skapa fordæmi fyrir gjalddöku við aðrar innviðaframkvæmdir, s.s. þróun dreifikerfis raforku, annarra veitukerfa og vegalagningu..[01]

Viðbrögð Landsnets: Líkt og að framan greinir hefur verið hætt við innleiðingu gjaldsins í gjaldskrá í þeirri mynd sem var kynnt í júní 2024. Sú niðurstaða breytir hins vegar ekki því fyrirkomulagi sem leiða má af skýrum ákvæðum raforkulaga, reglugerða og netmála Landsnets og varða m.a. kröfur um að Landsnet skuli gæta að jafnræði viðskiptavina með því að gera kröfu um viðeigandi ábyrgðir og tryggingar af hálfu vinnsluaðila sem og stórnotenda vegna nýrra tenginga. Þá hefur Landsnet þá skyldu samkvæmt lögum að gæta að því að félagið undirgangist ekki fjárhagslegar skuldbindingar sem eru umfram það sem því er heimilt lögum samkvæmt, og sem almennt má telja góða viðskiptahætti, og án þess að áhætta sé umfram það sem eðlilegt má teljast. Framlagning ábyrgða/trygginga byggir þannig á gagnkvæmum samningum á milli aðila, en ekki einhliða ákvæði í gjaldskrá Landsnets. Af þeim sökum verður strax við upphaf samningaviðræðna gerður sérstakur samningur vegna kostnaðar í tengslum við undirbúning fyrirhugaðra framkvæmda. Verði af tengingu við flutningskerfi raforku verður gerður sérstakur tengisamningur.

2.1.2 Upphæð gjalds

Tryggja þarf að gjalddtakan sé í samræmi við raunkostnað. Hætta er að ef gjaldið er of hátt skapi það hvata til að fara í óeðlilega margar kannanir til að skapa hagnað fyrir félagið. Ef það er of lágt leggst kostnaðurinn á Landsnet og þar með viðskiptavini félagsins. Skýrt þarf að vera að gjaldið sé í samræmi við raunkostnað og hvernig sá raunkostnaður er fundinn. Ekki er skýrt í fylgiskjöllum á hverju útreikningar tillagðra fjárhæða byggja. Að mætti ON mætti skýra það betur til að tryggja gagnsæi við gjalddöku. [02]

Viðbrögð Landsnets: Fyrirkomulag á útreikningi þeirra fjárhæða sem lagðar voru til í fyrirhuguðum breytingum á gjaldskrá byggja á sögulegum gögnum um fjölda tíma starfsmanna og verktaka hjá Landsneti við mat á tengingum, ásamt tilboðum frá verktökum fyrir stök verk. Nákvæmari framsetning á þeim er ekki möguleg sökum samkeppnissjónarmiða þar sem sumir verkþættir eru boðnir út.

Áréttað er að þrátt fyrir fyrirhugaða breytingu á gjaldskrá byggir fyrirkomulag vegna nýrra tenginga, og/eða breytingum á umfangi fyrirbyggjandi tenginga, á gagnkvæmum samningi á milli aðila um greiðslu undirbúningskostnaðar og greiðslutryggingu. Hluti af þeim samningi er sundurliðun á verkþáttum og áætlun um kostnað vegna hvers og eins þeirra. Verði tengisamningur svo síðar gerður, á milli sömu aðila, munu greiðslur viðskiptavinar til Landsnets á grundvelli fyrri samnings aðila ganga upp í greiðslur á lögbundnu kerfisframlagi, þ.e.a.s. ef útreikningar leiða til þess að skylda er til greiðslu slíks gjalds samkvæmt ákvæðum tengisamnings.

Það er vandkvæðum bundið að tryggja að gjalddtakan í hverju verkefni sé alltaf í samræmi við raunkostnað, tillagan var byggð á meðaltalskostnaði. Þetta byggir enn frekar undir þá niðurstöðu sem kynnt var í inngangi með samning um bankaábyrgð.

Í gjaldskrá er lagt til að gjaldið sé að hluta til fast en að hluta breytilegt eftir áætlaðir lengd áætlaðrar meginlínuleiðar. Ekki er tekið tillit til stærðar þess aðila sem sækist eftir tengingu í gjaldinu en ætla mætti að stærri tengingar krefjist meiri vinnu og þar með hærri kostnaðar. Betra væri ef hluti gjaldsins tæki tillit til þessa. [02]

Viðbrögð Landsnets: Athuganir línuleiða eru óháðar spennustigi og verða rúkaðar í samhengi við fjölda tenginga. Sérhver tenging hefur sína sérstöðu og þegar hannað er gjald fyrir tengingu við flutningskerfi þarf að takmarka fjölda breyta. Það fyrirkomulag sem er í gildi í dag, og kynnt var í inngangi hér að framan, mætir þessari þörf þar sem ábyrgðar er krafist í hlutfalli við umfang þeirra verkþátta sem unnir eru við undirbúning á sérhverju verkefni. Með því fyrirkomulagi er Landsnet tryggt vegna kostnaðar sem kann að falla til við undirbúning, þ.m.t. verði ekki af tengingu síðar í ferlinu.

Gangi áform þessi eftir telur Landsvirkjun afar mikilvægt að gjaldið endurspegli raunkostnað og að ávallt sé hugað að samkeppnishæfni orkuvinnslu og orkunotenda. Í því ljósi er æskilegt að gjaldtakan verði endurskoðuð reglulega út frá sögulegum raunkostnaði og sjónarmiðum um hagræðingu. Bent er á tvö tilvik um mögulega hagræðingu sem mikilvægt er að skýra í útfærslu fyrirhugaðs tengigjalds:

1. Aðstæður þar sem viðskiptavinur hefur sjálfur látið framkvæma góða undirbúningsvinnu og sú vinna hefur möguleika til að nýtast við mat á tengifyrirsþurn. Við slíkar aðstæður telur Landsvirkjun eðlilegt að Landsnet megi nýta þá undirbúningsvinnu og stuðla þannig að aukinni hagkvæmni. Ætti kostnaður viðskiptavinar þá að taka mið af eigin framlagi, ef einhver er.
2. Aðstæður þar sem viðskiptavinur hefur greitt Landsneti fyrir greiningar vegna tengifyrirsþurna en hætt við verkefnið. Mikilvægt er að skýra hvort Landsneti sé heimilt að endurnýta þær greiningar og hvort slík endurnýting ætti að koma til kostnaðarlækkunar annarra viðskiptavina á sama tengipunkti.

Ætla má að umræddur kostnaður Landsnets hafi sögulega myndað stofn til tekjumarka en ef ætlunin er að breyta því er mikilvægt leiðrétta sögulegan rekstrarkostnað Landsnets við útreikning á tekjumörkum til framtíðar..[01]

Viðbrögð Landsnets: Gjaldskrá Landsnets er endurskoðuð reglulega og væri þessi gjaldliður ekki undanskilinn endurskoðun vegna markaðsaðstæðna og þróunar.

Hvað varðar sérstakar ábendingar umsagnaraðila, sem er að finna í framangreindum lið 1 og 2, skal nánar tiltekið hvaða verkþættir liggja að baki greiðslu gjaldsins.

Þeir verkliðir sem greitt er fyrir með tengigjaldi eru rannsóknir á kerfislægum eiginleikum, annars vegar tæknilegar greiningar sem eiga við um svæðisbundna kerfið eða meginflutningskerfið og hins vegar greiningar á línuleið, sem eru staðbundnari. Litið er svo á að umræddar rannsóknir og niðurstöður verði í eigu Landsnets. Línuleiðir sem unnar eru af sérfræðingum hjá Landsneti í samstarfi við ráðgjafa ganga inn í gagnabanka innan fyrirtækisins og verða endurnýttar að því leyti sem hægt er fyrir önnur verkefni. Þetta getur valdið hagræðingu, til hagsbóta fyrir alla aðila.

Tæknilegar rannsóknir og kerfisgreiningar hafa svo áhrif á þekkingu á flutningkerfinu svo Landsnet áskilur sér allan rétt til að endurnýta slíkar rannsóknir í önnur verkefni. Slíkar rannsóknir veita upplýsingar um bæði svæðisbundin kerfi og meginflutningskerfið. Ómögulegt er að skilgreina hvort og hversu mikil hagræðing kann að vera fyrir aðra aðila, sem óska eftir tengingu við flutningskerfið á sama svæði, að aðrar rannsóknir hafi þegar verið unnar. Þessi sömu sjónarmið gilda hvort sem verður af tengingu eða ekki. Í því sambandi má geta þess að sami aðili, sem óskað hefur eftir tengingu, gæti þurft að borga tvisvar fyrir sambærilegar frumrannsóknir og vinnu ef langur tími líður frá því að hann fyrst sýndi áhuga og ef miklar breytingar hafa orðið á kerfinu sem leiða til þess að upplýsingar eru ekki lengur viðeigandi. Kerfið er í stöðugri þróun og byggir Landsnet þekkingu sína ofan á sérhverja rannsókn sem unnin er um það.

Framangreint felur einnig í sér mikið hagræði fyrir Landsnet þegar kemur að tíma og kostnaði þ.e.a.s. að þurfa ekki að skilgreina og láta endurvinnna rannsóknir sem þegar eru til. Fellur það að þeim skyldum sem Landsnet ber skv. raforkulögum, nr. 65/2003, m.a. þær að gæta að markmiðum um öruggan og ábyrgan rekstur þegar kemur að uppbyggingu, flutningi og dreifingu á raforku.

Hvað varðar gögn vegna annarra verkþátta, eins og innkaup og gerð umhverfismats, þá eru það atriði sem koma fyrir síðar í ferlinu og samið er um í tengisamningi eða viðaukasamningum eftir því sem við á.

Þegar samið er um greiðslu á tengigjaldi, sem hefur með undirbúningskostnað að gera skilgreinir Landsnet hvaða greininga er þörf hverju sinni vegna þeirra tengingar sem óskað er eftir af hálfu viðskiptavinar. Er þetta til samræmis við ákvæði raforkulaga sem kveða á um ábyrgð Landsnets þegar kemur að uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Markmið tengigjalds er að tryggja að Landsnet verði ekki fyrir beinum kostnaði vegna beiðna aðila um tengingu við flutningskerfi raforku, enda óvíst um að slíkar

samningaviðræður leiði til þess að tengisamningur verði gerður. Fyrirkomulag felur þannig í sér hagræðingu í rekstri Landsnet sem til lengri tíma dregur úr hækkunarpörf á flutningsgjaldskrá.

2.1.3 Orðalag og hugtakanotkun

Í gjaldskrárdrögum er talað um vinnsluaðila, en það hugtak er ekki skýrt í raforkulögum. Heppilegra væri að segja vinnslufyrirtæki og fyrirtæki sem hyggjast verða vinnslufyrirtæki, en vinnslufyrirtæki er t.a.m. skýrt í raforkulögum en hugtakið vinnsluaðili er það hins vegar ekki. [02]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet þakkar fyrir ábendingu um orðanotkun og mun taka hana til greina.

Að lokum telur ON að heiti gjaldsins, nánar tiltekið tengigjald, sé ekki lýsandi fyrir það hvað verið er að greiða fyrir og ekki í samræmi við notkun hugtaksins t.d. í gjaldskrár dreifiveitna. Orðið tengigjald lýsi því frekar að um sé að ræða gjalds sem greitt er fyrir það að tengjast en í framlagðri kynningu Landsnets má ráða að tengigjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði vegna þeirrar vinnu sem fer í könnun á tæknilegum fýsileika og hagkvæmni verkefnisins. Ákjósanlegra væri að gjaldið bæri nafna sem sé meira lýsandi fyrir það sem greitt er fyrir, t.d. könnunargjald, rannsóknargjald eða annað slíkt. [02]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet þakkar fyrir ábendingu um orðanotkun og mun taka hana til skoðunar.

2.1.4 Skuldbinding Landsnets gagnvart viðsemjanda

Ekki er skýrt á fyrirliggjandi gögnum hver skuldbinding Landsnets er gagnvart þeim sem greiða gjaldið. Er félagið skuldbundið til þess að tengja aðilann hafi hann greitt gjaldið, óháð því hversu hagstæð eða óhagstæð tengingin er, svo lengi sem hann greiði viðeigandi kerfisframlag? [02]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet bendir á að gera verður greinarmun annars vegar á því sem kallað er tengigjald í skilmála D4, sem er í raun umsamin greiðsla og/eða greiðslutrygging vegna kostnaðar í tengslum við undirbúning tengingar, og hins vegar greiðslu á kerfisframlagi sem greiða þarf við gerð tengisamnings. Greiðsla undirbúningskostnaðar er hluti af samningi sem gerður er eftir að forathugun er lokið og áður en tengisamningur er gerður. Samningskuldbindingar aðila eru misjafnar eftir þessum samningum. Sjá nánari umfjöllun í 4. og 5. gr. skilmála D4 auk þess sem Landsnet hefur útbúið leiðbeiningar. Fyrri samningur, um greiðslu á undirbúningskostnaði, felur ekki í sér skuldbindingu um tengingu við flutningskerfi raforku. Skuldbinding Landsnets felst aðallega í því að framkvæma áreiðanleikakönnun á hlutaðeigandi umsækjanda auk þess sem fyrirtækið mun vinna viðskipta- og kerfisgreiningu. Hvort tveggja byggir á því að Landsneti verði afhent fullnægjandi upplýsingar og gögn af hendi umsækjanda. Verði tengisamningur gerður síðar í ferlinu á milli sömu aðila munu greiðslur viðskiptavinar til Landsnets á grundvelli fyrri samnings ganga upp í greiðslur á lögbundnu kerfisframlagi þ.e.a.s. ef útreikningar leiða til þess að skylda er til greiðslu á því.

Landsnet bendir á að undirbúningskostnaður er ekki endurgreiddur ef tengisamningur verður ekki undirritaður síðar í ferlinu, þ.m.t. ef reynir á mögulega synjun um tengingu hjá aðila í skilningi 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Nú getur komið til þess að fleiri en einn aðili sækist eftir að tengjast flutningskerfinu á sama eða svipuðum stað og ljóst að ekki yrði hægt að koma til móts við óskir allra í slíkum tilvikum. Ekki er skýrt hvernig Landsnet hyggst forgangsraða tengingum við flutningskerfið í þessu tilfalli. Ef tekin er frá rýmd í flutningskerfinu um leið og gjaldið hefur verið greitt þarf líka að vera skýrt hversu lengi sú rýmd er frátekin, til að koma í veg fyrir að aðilar sitji um rýmd sem þeir munu ekki nota og komi þannig í veg fyrir að aðrir geti nýtt hana. [02]

Viðbrögð Landsnets: Hvað varðar rýmd í flutningskerfinu skal tekið fram að hún er ekki frátekin fyrr en vinna við eiginlegan tengisamning er hafin.

Í skilmála D4, sem tók gildi hinn 20. september 2024 og hefur verið birtur á heimasíðu Landsnets, er nánar fjallað um málsmeðferð þegar upp koma þær aðstæður að beita þurfi undantekningarákvæði síðari málslíðar 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga. Er vísað til þess.

3. Viðauki: umsagnir

Hér að neðan er að finna umsagnir viðskiptavina okkar eins og þær bárust Landsneti.

Landsnet
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík
Netfang: vidskipti@landsnet.is

Reykjavík, 13. ágúst 2024
E-2024-173/00.11

Efni: Umsögn um fyrirhugað tengigjald Landsnets við upphaf samningaviðræðna

Visað er til umsagnarferlis um fyrirhugað gjald sem Landsnet er að þróa og innheimt verður af viðskiptavinum sem tengjast vilja flutningskerfinu áður en til samnings kemur. Að sögn Landsnets er slíku gjaldi ætlað að minnka áhættu fyrirtækisins sökum aukins fjölda tengifyrirsparna og standa straum af auknum kostnaði vegna verkefna sem eru skammt á veg komin. Markmið með gjaldinu er að tenging við flutningskerfið verði sem skilvirkust, að Landsneti og þar með viðskiptavinum sé haldið skaðlausum vegna vinnu við tengingu nýrra aðila og að sanngirni, jafnræði og gagnsæi sé tryggt. Landsvirkjun þakkar tækifærið til umsagnar.

Með fyrirhuguðum tillögum að gjaldtöku er víkið frá fyrri framkvæmd og búið til nýtt gjald. Til þess að slík gjaldtaka geti komið til þarf að vera fyrir hendi skýr lagastoð og gjaldtakan þarf jafnframt að samræmast vilja löggjafans. Landsvirkjun telur að vafi leiki á um hvort gildandi regluverk heimili hina nýju gjaldtöku á því formi sem hún er sett fram. Til þess að tryggja að skýr lagastoð sé fyrir hendi, telur fyrirtækið mikilvægt að stjórnvöld fjalli um málið til þess að koma í veg fyrir óvissu í þessum efnunum. Áform þessi fela í sér að verið er að bregða út af hefð sem hefur skapast um áratugaskeið og ekki er útilokað að slíkt gjald myndi skapa fordæmi fyrir gjaldtöku við aðrar innviðaframkvæmdir, s.s. þróun dreifikerfis raforku, annarra veitukerfa og vegalagningu.

Gangi áform þessi eftir telur Landsvirkjun afar mikilvægt að gjaldið endurspegli raunkostnað og að ávallt sé hugað að samkeppnishæfni orkuvinnslu og orkunotenda. Í því ljósi er æskilegt að gjaldtakan verði endurskoðuð reglulega út frá sögulegum raunkostnaði og sjónarmiðum um hagræðingu. Bent er á tvö tilvik um mögulega hagræðingu sem mikilvægt er að skýra í útfærslu fyrirhugaðs tengigjalds:

- Aðstæður þar sem viðskiptavinur hefur sjálfur látið framkvæma góða undirbúningsvinnu og sú vinna hefur möguleika til að nýtast við mat á tengifyrirsparn. Við slíkar aðstæður telur Landsvirkjun eðlilegt að Landsnet megi nýta þá undirbúningsvinnu og stuðla þannig að aukinni hagkvæmni. Ætti kostnaður viðskiptavinar þá að taka mið af eigin framlagi, ef einhver er.
- Aðstæður þar sem viðskiptavinur hefur greitt Landsneti fyrir greiningar vegna tengifyrirsparna en hætt við verkefnið. Mikilvægt er að skýra hvort Landsneti sé heimilt að endurnýta þær greiningar og hvort slík endurnýting ætti að koma til kostnaðarlækkunar annarra viðskiptavina á sama tengipunkti.

Ætla má að umræddur kostnaður Landsnets hafi sögulega myndað stofn til tekjumarka en ef ætlunin er að breyta því er mikilvægt leiðréttá sögulegan rekstrarkostnað Landsnets við útreikning á tekjumörkum til framtíðar.

Virðingarfyllst,
Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Geir Arnar Marelsson
Forstöðumaður lögfræðimála

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík
landsnet@landsnet.is

Reykjavík, 13. ágúst 2024

Efni: Umsögn Orku náttúrunnar ohf. um tillögur Landsnets að tengigjaldi

Orka náttúrunnar ohf. (hér eftir nefnd ON) fagnar því að Landsnet hyggist taka upp gjaldtöku til að standa undir þeim kostnaði sem fellur á fyrirtækið vegna vinnu sem fer í að kanna tæknilegan fýsileika og hagkvæmni aðila sem vilja tengjast kerfinu. Í ljósi þess að mikil ásókn er í tengingar við flutningskerfið þarf sterk töl til forgangsröðunar verkefna og er gjaldtaka ákjósanleg leið til að tryggja að verkefni hafi náð ákveðnum þroska áður en sóst er eftir tengingu. Með gjaldtöku er einnig tryggt að kostnaður við slíkar rannsóknir sé greiddur af þeim aðila sem veldur kostnaðinum og hann leggist hvorki á Landsnet né viðskiptavininn Landsnets. Nokkur atriði þarf þó að athuga og skýra betur í tengslum við gjaldið áður en lengra er haldið.

- Það er vel að gjaldið tryggi að Landsnet, og þar með viðskiptavinir félagsins, taki ekki á sig kostnað vegna fýsileikakönnunar en til þess þarf að tryggja að gjaldtakan sé í samræmi við raunkostnað. Hætta er að ef gjaldið er of hátt skapi það hvata til að fara í óeðlilega margar kannanir þar sem þær skapa hagnað fyrir félagið. Ef gjaldið er hins vegar of lágt leggst kostnaður á Landsnet, og þar með viðskiptavininn félagsins. Skýrt þarf að vera að gjaldið sé í samræmi við raunkostnað og hvernig sá kostnaður er fundinn. Ekki er skýrt á fylgiskjöllum á hverju útreikningur tillagðra fjárhæða byggja. Að mati ON mætti skýra það betur til að tryggja gagnsæi við gjaldtökuna.
- Í gjaldskrárdrögunum er lagt til að gjaldið sé að hluta fast en að hluta breytilegt eftir lengd áætlaðrar meginlínuleiðar. Ekki er tekið tillit til stærðar þess aðila sem sækist eftir tengingu í gjaldinu en ætla mætti að stærri tengingar krefjist meiri vinnu og þar með hærri kostnaðar. Betra væri ef hluti gjaldsins tæki tillit til þessa.
- Ekki er skýrt á fyrirbyggjandi gögnum hver skuldbinding Landsnets er gagnvart þeim sem greiðir gjaldið. Er félagið skuldbundið til þess að tengja aðilann hafi hann greitt gjaldið, óháð því hversu hagstæð eða óhagstæð tengingin er, svo lengi sem hann greiðir viðeigandi kerfisframlag?
- Nú getur komið til þess að fleiri en einn aðili sækist eftir að tengjast flutningskerfinu á sama eða svipuðum stað og ljóst að ekki yrði hægt að koma til móts við óskir allra í slíkum tilvikum. Ekki er skýrt hvernig Landsnet hyggist forgangsraða tengingum við flutningskerfið í þessu tilfalli. Ef tekin er frá rýmd í flutningskerfinu um leið og gjaldið hefur verið greitt þarf líka að vera skýrt hversu lengi sú rýmd er frátekin, til að koma í veg fyrir að aðilar sitji um rýmd sem þeir munu ekki nota og komi þannig í veg fyrir að aðrir geti nýtt hana.



- Í gjaldskrárdrögunum er talað um vinnsluaðila, en það hugtak er ekki skilgreint í raforkulögum. Heppilegra væri að segja vinnslufyrirtæki og fyrirtæki sem hyggjast verða vinnslufyrirtæki, en vinnslufyrirtæki er t.a.m skilgreint í raforkulögum en hugtakið vinnsluaðili er það hins vegar ekki.
- Að lokum telur ON að heiti gjaldsins, nánar tiltekið tengigjald, sé ekki lýsandi fyrir það hvað verið er að greiða fyrir, og ekki í samræmi við notkun hugtaksins t.d. í gjaldskrár dreifiveitna. Orðið tengigjald lýsi því frekar að um sé að ræða gjald sem greitt er fyrir það að tengjast en í framlagðri kynningu Landsnets má ráða að tengigjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði vegna þeirrar vinnu sem fer í könnun á tæknilegum fýsileika og hagkvæmni verkefnis. Ákjósanlegra væri að gjaldið bæra nafn sem sé meira lýsandi fyrir það sem greitt er fyrir, t.d. könnunargjald, rannsóknargjald eða annað slíkt.

Virðingarfyllst,



Hjálmar Helgi Rögnvaldsson
Forstöðumaður Viðskiptaþróunar og orkumiðlunar

